



Hafnarfjarðarbær  
Bæjarráð Hafnarfjarðar,  
Gunnar Axel Axelsson, formaður  
Strandgötu 2-4  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði 14. Apríl 2014

## Öryggingsbátar Siglingaklúbbsins Þyts

Siglingaklúbburinn Þytur, eitt af aðildarfélögum ÍBH, hefur á undanförunum árum og áratugum boðið hafnfirskum börnum og unglingum, frá 10 til 16 ára aldurs, upp á námskeið í siglingum. Grunnnámskeið og framhaldsnámskeið fyrir þá sem lokið hafa 1. og 2. stigi. Nú eru öryggisbátar félagsins komnir verulega til ára sinna og Þytur hefur ekki getað uppfært þá vegna fjárskorts. Afar lítið er um fjársterka styrktaraðila fyrir siglingaklúbba landsins. Fyrirtæki hafa styrkt aðrar íþróttagreinar með beinum styrkjum eða auglýsingum og ekki horft til samstarfs við siglingaíþróttina.

Siglingaklúbburinn hefur ekki á umliðnum árum notið fjármagns frá Hafnarfjarðarbæ vegna tækjakaupa, en líkja má þessum kaupum við tækja- og viðhaldverkefni í íþróttamiðstöðvum.

Stjórn öryggisdeildar Þyt sækir hér með um styrk til að endurnýja nú þegar öryggis- og eftirlitsbáta félagsins. Félagið er tilbúið til að fara ennfrekar yfir málið og afla allra upplýsinga, einnig að leita leiða til þess að fjárfestinguna megi greiða á fleiri en einu ári s.s. þremur árum með aðkomu lánastofnunar. Félagið gengist í ábyrgð með vísan í vilýrði Hafnarfjarðarbæjar. Félagið lýsir einnig yfir áhuga sínum á því að Hafnarfjarðarbær bjóði tilteknum árgangi í skólum bæjarins á kynningu ár hvert hjá Siglingaklúbbum. Þróa þannig samstarf við fræðslu- og skólayfirvöld. Stuðla að því að öll börn hafi tækifæri að komast á sjó, kynnast umhverfi Hafnarfjarðarhafnar og öryggisreglum á sjó.

Til hliðsjónar til að skýra umfang verkefnisins, þá hefur félagið fengið óformlegt tilboð í tvo báta með mótörum og kerru. Siglingaklúbburinn hefur fullan skilning á því að ef verkefnið fellur undir opinberar innkaupareglur, þá verði þær viðhafaðar.

1. Humber Desloyer 5,8m á lengd 5.280.000 kr Bátur með Mótor 90hp
  2. Humber Desloyer 5,0m á lengd 4.880.000 kr Bátur með Mótor 60hp
  3. Kerra undir 5,8m bát kosta 700.000 kr og Kerra undir 5,0m bát kosta 500.000 kr
- Alls: 11.360.000 mkr.

Bátur 1 verður notaður fyrir framhalds siglingaskóla sem er fyrir börn sem hafa lokið 1 og 2 stigi  
Bátur 2 verður notaður fyrir siglingaskóla Þyts sem er grunnnámskeið í siglingum. Kerrur eru svo notaðar undir bátana í landi.

Mikilvægt er að verkefnið fái yfirferð og umfjöllun sem fyrst af hálfu bæjaryfirvalda því siglasumarið 2014 er fram undan og Þytur vill treysta á að geta boðið 100% öryggiseftirlit á sjó.

*f.h. stjórnar öryggisdeildar Þyts  
Gunnar Geir Halldórsson*

*Siglingaklúbburinn Þytur verður 40 ára 19. apríl 2015*